

Hugbúnaður til tollskýrslugerðar vegna innflutnings

Leiðbeiningar um lágmarkskröfur tollstjórans í Reykjavík

Útgáfa dags: 1. janúar 2006

Lágmarkskröfur um villuprófun, kódashrár og fleira

Til þess að tollskýrslugerðarhugbúnaður innflytjanda eða miðlara teljist fullnægjandi gagnvart tolfyrirvöldum skal hann uppfylla tiltekin lágmarks skilyrði, sem sett eru fram af tollstjóra. Hér er átt við lágmarkskröfur um villuprófanir, kódashrár, töflur og fleiri atriði í hugbúnaði vegna útfyllingar aðflutningsskýrslu í þeim tilgangi að lágmarka eða koma í veg fyrir villur í skýrslum. Tollstjóri setur það sem skilyrði að áður en innflytjanda eða miðlara er veitt heimild til SMT-tollafgreiðslu (EDI) skuli hugbúnaður hans fullnægja þeim lágmarkskröfum sem hér er greint frá. Sú krafa er byggð á 3. gr., e. lið, í reglugerð nr. 858/2000 um SMT-tollafgreiðslu. Leiðbeiningar þessar eru einkum ætlaðar hugbúnaðarfyrirtækjum, sem framleiða eða þjónusta hugbúnað til tollskýrslugerðar. Um tollskýrslur gildir reglugerð nr. 228/1993 um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra, sbr. reglugerð nr. 857/2000 um breytingu á henni.

Vísað er til eftirtaldrá gagna, sem útgefin eru af tollstjóranum í Reykjavík

- Aðflutningsskýrslueyðublað **E-1.1**, sbr. einstakir reitir. Hér á eftir nefnt **Ebl. E-1.1**.
- Leiðbeiningar um tollskýrslugerð vegna innflutnings, ebl. E1. Hér á eftir nefndar **LTI**. Þær er að finna á vefsetri tollstjóra.
http://www.tollur.is/displayer.asp?cat_id=1915&module_id=210&element_id=1355
- Staðallinn fyrir SMT-tollafgreiðslu vegna innflutnings, CUSDEC/CUSRES EDI-skeyti, ásamt fylgiskjöllum. Hér á eftir nefndur **SMT-tollstaðallinn** (EDI).
http://www.tollur.is/displayer.asp?cat_id=119&module_id=210&element_id=236
- Upplýsingar fyrir hugbúnaðarhús á vefsetri tollstjóra. Hér nefndar **VEFUPPL**.
http://www.tollur.is/displayer.asp?cat_id=119
- **Tollskrárlyklar**, skrá til nota í tollskýrslugerðarhugbúnaði, útgefin af tollstjóra. Aðgengileg til niðurrhals á vefsetri tollstjóra:
http://www.tollur.is/displayer_tengt_efni.asp?cat_id=325

Tollskýrslugerðarhugbúnaður og SMT-þýðendur skulu e.a. innihalda þær kódashrár, sem upp eru taldar í ofangreindum gögnum.

Við útfyllingu aðflutningsskýrslu í hugbúnaði skal fara fram villuprófun þannig að ekki sé unnt að skrá aðra kóda og upplýsingar en þær sem heimilt er í hvern tiltekinn reit eða svæði þar sem það á við.

Ennfremur skal stærð og gerð svæða vera í samræmi við **SMT-tollstaðalinn** og **LTI** og villuprófun vera í svæðum á því hvort innslegnar upplýsingar skuli vera númeriskar eða alfanúmeriskar. Nánari fyrirmæli um útfyllingu einstakra svæða í aðflutningsskýrslu er að finna í **LTI** og **SMT-tollstaðlinum**.

- Pappírslaus aðflutningsskýrsla, nefnd **SMT-aðflutningsskýrsla**, er í nokkrum atriðum frábrugðin aðflutningsskýrslu á pappír, sbr. **Ebl. E-1.1**, hvað varðar reiti/svæði í skýrslunni eins og fram kemur í leiðbeiningum þessum.
- Innflytjendur og umboðsaðilar (flutningsmiðlarar), sem fengið hafa leyfi til SMT-tollafgreiðslu eru hér nefndir **leyfishafar** SMT-tollafgreiðslu.

Hér eru sérstaklega talin upp þau atriði, kódashrár og villuprófanir, sem skulu vera til staðar í tollskýrslugerðarhugbúnaði með tilvísun til einstakra reita á eyðublaði **E-1.1**.

1. **Ebl. E-1.1 reitur 1** (miðhluti), skýrsla, tegund tollafgreiðslu.
Kódashrá, villuprófun: Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
Í SMT-aðflutningsskýrslu er einungis heimilt að nota tegund afgreiðslu **ET** og **HS**. Tegund afgreiðslu **HS** (hraðsendingar) er nær eingöngu notuð af flutningsmiðlurum. Sérstakar reglur gilda um miðlara, sem mega óska eftir að aðflutningsgjöld séu gjaldfærð á innflytjanda og setja þá kóda GI í fremsta hluta í reit 1.
2. **Ebl. E-1.1 reitur 2**, áritun prókúruhafa.
Í þennan reit skal koma vélritað nafn og kennitala þess aðila sem undirritar pappírsskýrslu.
3. **Ebl. E-1.1 reitur 4**, tilvísun innflytjanda/útflytjanda (áður yfirfærslunúmer).
Þegar tollskýrslu er skilað á pappír hafa innflytjendur eða flutningsmiðlarar þennan reit til frjálsra nota, t.d. fyrir tilvísunarnúmer í bókhald sitt. Þessi reitur er ekki til staðar í SMT-aðflutningsskýrslu. Í þennan reit má í pappírsskýrslu rita "tilvísunarnúmer leyfishafa", sbr. lið 4.2.2 í skjali þessu.
4. **SMT-aðflutningsskýrsla.**

Pappírslaus aðflutningsskýrsla, nefnd SMT-aðflutningsskýrsla, inniheldur sömu reiti til útfyllingar og skrifleg aðflutningsskýrsla, sbr. ebl. E-1.1, en með neðangreindum frávikum. Sjá nánar **SMT-tollstaðalinn**.

- 4.1 Í stað undirskriftar prókúruhafa í reit 2 á aðflutningsskýrslu ebl. E-1.1 hefur leyfishafi SMT-tollafgreiðslu lýst yfir í umsókn um pappírslausa tollafgreiðslu, sem samþykkt hefur verið af tollstjóra, hverjir hafi leyfi til að skuldbinda hann með innsendingu SMT-aðflutningsskýrslu til tollstjóra. Viðkomandi starfsmenn leyfishafa hafa staðfest ábyrgð sína með undirskrift á umsóknina. Leyfishafi skal tilkynna tollstjóra ef breyting verður á nafnalista vegna nýrra starfsmanna eða starfsmanna, sem hætta störfum.
- 4.2 Í SMT-aðflutningsskýrslu (CUSDEC skeyti) eru þrjú skráningarskyld svæði sem ekki er að finna sem reiti á skriflegri aðflutningsskýrslu ebl. E-1.1. Þau eru svæðið "*númer vörureikninga*" fyrir númer vörureikninga yfir þær vörur sem tollskýrsla tekur til, svæðið "*tilvísunarnúmer leyfishafa*" og þegar um SMT-tollskýrslu yfir póstsendingu er að ræða, svæðið "*viðtökunúmer böggla*", sbr. viðtökunúmer á komutilkynningum, sem póstyfirvöld senda til innflytjanda.

4.2.1 *Númer vörureikninga.*

Skrá skal númer þeirra vörureikninga, sem SMT-aðflutningsskýrsla tekur til. Ef vörureikningur fylgir ekki skal gefa það til kynna með því að skrá í viðeigandi svæði: **án reikn.** Ef vörureikningur er ekki númeraður skal skrá dagsetningu reiknings á forminu "dd.mm.áá." Dæmi: **15.07.94.** Svæðið fyrir vörureikningsnúmer leyfir hámark 11 stafi fyrir hvert uppgengið númer. Skrá skal 11 öftustu stafi hvers vörureikningsnúmers sé það lengra en 11 stafir. Villuprófun krefjist þess að eitt vörureikningsnúmer hið minnsta sé í SMT-aðflutningsskýrslu.

4.2.2 *Tilvísunarnúmer leyfishafa.*

Þetta er tilvísunarnúmer leyfishafa, ætlað tollyfirvöldum, sem leyfishafi gefur hverri aðflutningsskýrslu og fylgiskjölum hennar. Aðflutningsskýrslur í tölvukerfi innflytjanda og tollskjöl sem eiga við tiltekna SMT-aðflutningsskýrslu, skulu öll fá þetta tilvísunarnúmer og geymd í bókhaldi eða e.a í tölvukerfi leyfishafa. Númerið skal vera einkvæmt og gjarnan auðkennt árinu. Að öðru leyti má leyfishafi ákveða útfærslu númersins. Leyfishafi ábyrgist að nota uppgengið tilvísunarnúmer í SMT-aðflutningsskýrslu, svo tollyfirvöld geti án fyrirvara fundið aðflutningsskýrslu og tollskjöl yfir viðkomandi vörusendingu eða póstsendingu í bókhaldi eða tölvukerfi leyfishafa vegna athugunar, sem þau kunna að gera hjá leyfishafa á meðan eða eftir að SMT-tollafgreiðsla hefur átt sér stað. Svæðið fyrir tilvísunarnúmer leyfishafa leyfir hámark 14 stafi.

4.2.3 *Viðtökunúmer vegna póstsendinga.*

Viðtökunúmer böggla, smápakka eða bréfs, sem SMT-aðflutningsskýrsla póstsendingar tekur til, skal leyfishafi skrá í SMT-aðflutningsskýrslu, sbr. tilkynningar pósthúsa til innflytjanda um komu póstsendinga á pósthús. Fjöldi viðtökunúmera segir um leið til um fjölda fylgibréfa og þar með fjölda böggla. Svæðið er 13 stafa fyrir hvert viðtökunúmer (an13). Villuprófun getur tekið mið af því að póstsendingar hafa alltaf P í fyrsta staf í sendingarnúmeri, sbr. reit 9 á aðflutningsskýrslu. Ef sendingarnúmer byrjar á P sé krafist útfyllingar a.m.k. 1 viðtökunúmers í skýrslunni.

4.3 Í SMT-aðflutningsskýrslu (CUSDEC skeyti) eru ekki samsvarandi svæði og eftirtaldir reitir í skriflegri tollskýrslu, ebl. E-1.1: Reitur 2, áritun prókúruhafa, reitur 4, sem var yfirfærslunúmer, reitur 6, (nafn) innflytjandi/útflytjandi, reitur 16, tala fylgiskjala, reitur 18, gengi, reitur 21, tollverðsgengi, reitur 23, innkaupsverð í íslenskum krónum, reitir 27 og 35, tollverð og reitir 36 til 42, útreiknaðar upphæðir álagðra gjalda.

- Athugið: Reitur 4 í pappírsaðflutningsskýrslu er til frjálsra nota fyrir innflytjanda og þar má rita "tilvísunarnúmer leyfishafa", sbr. lið 4.2.2 hér að framan.

4.4 Þegar um SMT-aðflutningsskýrslu yfir póstsendingu er að ræða skal innflytjandi enn fremur ekki fylla út reit 11, farmskráarnúmer/viðtökunúmer. Villuprófun getur tekið mið af því að póstsendingar hafa alltaf **P** í fyrsta staf í sendingarnúmeri, sbr. reit 9 í tollskýrslu. Ef sendingarnúmer byrjar á **P** sé ekki unnt að fylla út reit 11.

5. **Ebl. E-1.1 reitur 5**, vy-lykill, verðmætisyfirlýsing.
Kódaskrá, villuprófun. Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.

6. **Ebl. E-1.1 reitur 6**, innflytjandi, og **reitur 7**, kennitala.
Nafn innflytjanda skal aðeins skráð í reit 6 ef flutningsmiðlari er skráður í reit 10, sem aðeins getur átt sér stað ef flutningsmiðlari er sjálfur að tollafgreiða vöruna. Í reit 7 skal í öllum tilvikum skrá kennitölu innflytjanda.
7. **Ebl. E-1.1 reitur 8**, viðskiptaland/innkaupsland.
Kódaskrá, villuprófun. Sjá **VEFUPPL** og **SMT-tollstaðalinn**.
8. **Ebl. E-1.1 reitur 10**, Innflytjandi eða umboðsaðili (miðlari)
 - *Ef innflytjandi tollafgreiðir sjálfur:*
Nafn, heimilisfang, virðisaukaskattsnúmer og sími innflytjanda. Kennitala innflytjanda skal skráð í reit 7, en ekki í reit 10.
 - *Ef umboðsaðili (miðlari) tollafgreiðir sem umboðsaðili innflytjanda:*
Nafn, heimilisfang, kennitala, virðisaukaskattsnúmer og sími umboðsaðila. Einnig skal skrá nafn innflytjanda í reit 6 og kennitölu innflytjanda í reit 7.
9. **Ebl. E-1.1 reitur 11**, farmskrárnúmer.
Villuprófun (unnt ef flutningsfar er skip). Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
Farmskrárnúmer þegar flutningsfar er skip er 4 öftustu stafir í sendingarnúmeri.
Sjá ennfremur lið 4.4.
10. **Ebl. E-1.1 reitur 12**, þyngd brúttó.
Brúttóvigt vörusendingar í heilum kg. Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
11. **Ebl. E-1.1 reitur 13**, vörugeymsla.
Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**.
12. **Ebl. E-1.1 reitur 14**, skírteini, leyfi, vottorð.
Sjá **nákvæmar leiðbeiningar um útfyllingu þessa reits í LTI**.
Ef tiltekinn/tilteknir kóðar (lyklar) leyfa eða banna eru á tollskrárnúmeri í tollskrárlyklum frá tollstjóra þá sé sá lykill ásamt tilvísun tilgreindur a.m.k. einu sinni í reit 14 þegar tollskrárnúmer með þeim lykli er til staðar í aðflutningsskýrslu. Ennfremur skal vera villuprófun til staðar sem gerir kröfu um að ef þriggja stafa lykill leyfis eða banns er útfylltur verði svæði tilvísunar að vera útfyllt.

Villuprófun á ofangreindu sé til staðar í tollskýrslugerðarforriti þannig að ef notað er tollskrárnúmer í aðflutningsskýrslu, sem ber tiltekið leyfi eða bann þá verði að vísa til þess með útfyllingu á reit 14. Kódaskrá, villuprófun. Sjá **LTI**, **VEFUPPL**, **Tollskrárlykla** og **SMT-tollstaðalinn**. Sjá ennfremur lið nr. 20 hér á eftir.
13. **Ebl. E-1.1 reitir 15, 17, 19, 20, 22, 24, 25, 26 og 32**.
Sjá **SMT-tollstaðalinn** og **LTI** um stærð svæða, kóða o.fl.
Ábending: Reglan um útfyllingu reita 24, 25 og 26 er sú að séu þessar upphæðir greiddar í erlendri mynt af innflytjanda þá skuli gefa þær upp í þeirri mynt í þessum reitum.

14. **Ebl. E-1.1 reitur 28**, tollskrárnúmer.
Villuprófun. Tollskrárnúmer sé til í tollskrá. Tollskrárnúmer séu á skrá í hugbúnaði og leyfilegar tegundir tolls, gjöld, leyfi, bönn og aðrar upplýsingar séu til á skrá og skráðar á hvert tollskrárnúmer eins og í lykaskrá tollskrár, sem tollstjóri gefur út á tölvutæku formi, sbr. **Tollskrárlyklar**. Sjá ennfremur liði nr. 20 og 24 hér á eftir.
15. **Ebl. E-1.1 reitur 29**, vörutegund.
Hámarks stafafjöldi: Sjá **LTI** og **SMT-tollstaðalinn**. Hér skal koma lýsing eða heiti vöru, t.d. í vörunúmeraskrá í hugbúnaði innflytjanda, en ekki endilega texti úr tollskrárhandbók eins og t.d. “Aðrar vörur úr jární”.
16. **Ebl. E-1.1 reitur 30**, einingartala (stykkiatala)
Sjá **SMT-tollstaðalinn** og **LTI** um stærð svæða, aukastafi o.fl.
Villuprófun við tollskrá; **tollskrárlykla**. Skyld er að gefa upp einingartölu (stykki, pör, eða m³) á tilteknum tollskrárnúmerum. Einnig þegar einingartala myndar gjaldstofn gjalds á tollskrárnúmeri. Sjá einnig lið 17 hér á eftir um styrkleikaprósentu áfengis og þyngd umbúða og fleira varðandi útfyllingu reita 30 og 31.
17. **Ebl. E-1.1 reitur 30 og 31**, einingartala, nettóvignt, þyngd umbúða, styrkleikaprósentu áfengis og lítratala. Þessar upplýsingar eru nefndar *magntölur* vöru í skýrslu.

Sjá **SMT-tollstaðalinn** og **LTI** um stærð svæða, aukastafi o.fl.

Meginreglan er að ávallt skal skrá raunverulegar magntölur í tollskýrslu en ekki áætlaðar. Þegar magntala er gjaldstofn aðflutningsgjalds, sem lagt er á vöru í tollskýrslu, er **óheimilt að áætla** upplýsingar um þessi atriði í dálk 30 og 31. Þó er heimilt að áætla og reikna út þyngd umbúða vegna álagningar úrvinnslugjalds skv. sérstökum reglum skv. lögum um úrvinnslugjald. Nettóvignt má áætla ef ekki liggja fyrir réttari upplýsingar hjá innflytjanda og nettóvigntin myndar ekki gjaldstofn aðflutningsgjalds á vörunni. Nettóvignt má áætla á vörulínu tollskrárnúmers í skýrslu, þó þyngd umbúða vegna úrvinnslugjalds af umbúðum sé áætluð sem hlutfall af nettóvignt vörunnar, ef ekki eru önnur aðflutningsgjöld á vörunni þar sem nettóvignt er gjaldstofn. Magntölur skulu vera skráðar á vöruna í vörunúmeraskrá í viðskiptahugbúnaði innflytjanda ef kostur er og notaðar við tollskýrslugerð.

Þyngd umbúða í kg með 2 aukastöfum er skráð í reiti 30 og 31 í vörulínu eins og fram kemur í mynd á næstu síðu. Villuprófun þarf að vera þannig að ef BV og/eða BX gjald er á tollskrárnúmeri í tollskrárlyklaskrá frá tollstjóra þá beri að fylla út viðeigandi kóða og magntölur varðandi þyngd umbúða. Sjá nánar upplýsingar um úrvinnslugjald á pappa/pappírsumbúðir (BV gjald) og plastumbúðir (BX gjald) á vef tollstjóra; **VEFUPPL**.

Reitur 31 er notaður þegar skyld er að gefa upp lítratölu vöru í tollskýrslu t.d. vegna þess að lítratala myndar gjaldstofn gjalds á tollskrárnúmerinu. Lítratala, með tveggja aukastafa nákvæmni, er þá rituð eins og sýnt er á mynd á næstu síðu. Lítratala kemur ekki í staðinn fyrir nettóvignt heldur sem viðbótar upplýsingar. Þegar um áfengi er að ræða skal einnig fylla út styrkleikaprósentu áfengis með tveggja aukastafa nákvæmni í reit 30, sbr. mynd á næstu síðu.

Dæmi um útfyllingu línu tollskrárnúmers í aðflutningsskýrslu er á næstu síðu, sbr. tollskýrslueyðublað E-1.1. Hvert tollskrárnúmer getur tekið allt að 4 línur í skýrslunni.

Línur í aðflutningsskýrslu - Ebl. E-1.1

28 Tollskrárnúmer	29 Vörutegund	30 Einingar- tala	31 Nettóvignt	32 Fobverð í erl. Mynt	33 Tegund Gjalda	34 Upp- runa- land	35 Tollverð	36 Toll- taxti	37 Toll- fjárhæð
0201.2001	Nautahryggir		② 240	1.450,00	A	NO			
	Pappírsumbúðir	③ PPX	0						
	Plastumbúðir	③ PL1	5,45						
0603.1005	Blóm orchids	① 215	② 138	1.139,50	A	NL			
	Pappírsumbúðir	③ PP2	10,25						
	Plastumbúðir	③ PL1	2,35						
2208.2023	Koníak	① 25	② 23	975,00	A	FR			
	Pappírsumbúðir	③ PP1	10,33						
	Plastumbúðir	③ PL2	2,25						
	Styrkur áfengis%	④ 45,45	⑤ 18,75	Lítrar					
8426.2000	Turnkranar	① 1	② 4700	9.175,00	A	DE			
	Pappírsumbúðir	③ PPX	0						
	Plastumbúðir	③ PLX	0						
			⑤ 37,55	Lítrar					
8708.9301	Tengsli í bifr.		② 100	100,00	E	DE			
	Pappírsumbúðir	③ PP1	4,55						
	Plastumbúðir	③ PL1	1,33						

Skýringar:

- ① Einingartala (stykkjatala) vöru. Er í sumum tilfellum gjaldstofn gjalda, t.d. skilagjalds á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, og er upplýsingar fyrir Hagstofu Íslands.
- ② Nettóvignt vöru í heilum kg skal alltaf fylla út og getur verið gjaldstofn og er upplýsingar fyrir Hagstofu Íslands. Nettóvignt er almennt þyngd vöru í söluumbúðum til neytenda.
- ③ Þyngd umbúða í kg með 2 aukastöfum. Hvort sem umbúðir eru utan um vöru eða eru fluttar inn einar og sér. Gjaldstofn úrvinnslugjalds á pappa/pappírs og plastumbúðir. Sjá nánar **VEFUPPL**.
- ④ Styrkleikaprósenta áfengis með 2 aukastöfum í tollskrárnúmerinu. Hluti af gjaldstofni áfengisgjalds.
- ⑤ Magn vöru í lítrum talið með 2 aukastöfum. Gjaldstofn gjalda í sumum tilfellum og er upplýsingar fyrir Hagstofu Íslands. Í dæminu hér að ofan er frávik frá notkun lítrasvæðis; þar er rituð nettóþyngd rafgeyma í turnkrananum í tskrn. 8426.0000

Kröfur um útfyllingu magntalna er að finna í tollskrárlyklum

Mikilvæg villuprófun: Ef gjaldstofn tiltekins gjalds eða tolls á tollskrárnúmeri í aðflutningsskýrslu er stykkjatala, nettóvignt, raunþyngd umbúða, styrkleikaprósenta áfengis/öls eða lítratala vörunnar í því tollskrárnúmeri þá sé ekki unnt að áætla þessar

magntölur vélrænt í tollskýrslugerðarforriti heldur verði að gefa upp rauntölur þessara útfyllingaratriða í tollskýrslu vegna vöru í tollskrárnúmerinu. Ennfremur að þá sé skylt að fylla út viðkomandi reiti/svæði í skýrslunni. Athuga að sérstakar reglur gilda um úrvinnslugjald af umbúðum, en þá má áætla þyngd skv. sérstökum skilyrðum og reglum. Upplýsingar um hvaða gjöld og þar með gjaldstofnar eru á tollskrárnúmerum er að finna í **tollskrárlyklum** frá tollstjóra.

Varðandi úrvinnslugjald á þyngd pappa/pappírs- og plastumbúða:

Villuprófanir í tollskýrslugerðarhugbúnaði ættu m.a. að vera eftirtaldar:

- Tiltekinn magntölukeyfi má aðeins koma fyrir einu sinni í hverri vörulínu tollskrárnúmers í aðflutningsskýrslu.
- Ef magntölukeyfi er keyfi gjaldstofns fyrir 0 kg yfirlýsingu má ekki vera tala í svæðinu með kódanum. Og öfugt ef keyfi magntölu er fyrir raunþyngd (staðfest þyngd) þá verður að vera tala = eða > 0,01 kg í svæðinu með kóða.
- Ekki má vera skráður magntölukeyfi á vörulínu tollskrárnúmers í aðflutningsskýrslu ef ekki er úrvinnslugjald, á pappa-, pappírs- og eða plastumbúðir á viðkomandi tollskrárnúmeri. Þ.e. tollskrárnúmerið er ekki gjaldskylt.
- Ef umbúðagjald BX og/eða BV er á tollskrárnúmeri þá verður að fylla út gjaldstofnskóða viðkomandi úrvinnslugjalda ásamt þyngd í vörulínu tollskrárnúmers.
- Ef skráður er keyfi magntölu fyrir *áætlaða þyngd skv. reiknireglu* þá má magntala vera allt frá 0 kg og >.

18. **Ebl. E-1.1 reitur 33**, tegund tolls.

Kódaskrá, villuprófun. Sjá skjalið **Aðflutningsgjöld og lykjar þeirra í Tollakerfinu** á vef tollstjóra og **SMT-tollstaðalinn**. Sjá ennfremur lið nr. 20 hér á eftir.

19. **Ebl. E-1.1 reitur 34**, upprunaland.

Kódaskrá, villuprófun. Sjá **VEFUPPL** og **SMT-tollstaðalinn**. Sjá ennfremur lið nr. 20 hér á eftir.

20. Sérstök villuprófun á tengslum eftirtaldrá skráningaratriða í nefndum reitum í aðflutningsskýrslu, **Ebl. E-1.1**:

- Reitur 28, tollskrárnúmer.
- Reitur 33, tegund tolls.
- Reitur 34, upprunaland.
- Reitur 14, **EUR** kóðinn og **GSP** kóðinn vegna upprunasönnunar.

Villuprófun á tengslum ofangreindra atriða:

20.1 Ekki sé unnt að biðja um tiltekna tegund tolls á tollskrárnúmeri í aðflutningsskýrslu nema sú tegund tolls sé til á tollskrárnúmerinu í tollskrá/**tollskrárlyklum** frá tollstjóra.

20.2 Ef beðið er um aðra tegund tolls en A-toll á tollskrárnúmeri í aðflutningsskýrslu þá verði upprunaland í reit 34 að eiga við tegund tolls; falla undir viðkomandi milliríkja-

og fríverslunarsamning. Sjá **Tollskrárlyklar** og skjalið **Aðflutningsgjöld og lykjar þeirra í Tollakerfinu** á vefsetri tollstjóra www.tollur.is.

20.3 Ef beðið er um aðra tegund tolls en A-toll og Z-toll í einhverri vörulínu aðflutningsskýrslu verður lykillinn **EUR** að vera útfylltur í svæðið "leyfi og vottorð (teg. nr.)" sbr. reitur 14 á **Ebl. E-1.1**.

- Ef um EUR skírteini er að ræða skal númer þess ritað í svæðið á eftir kódanum, þ.e. 7 öftustu stafir númersins.
Dæmi: EUR1234567
- Ef EUR yfirlýsing/áritun er á vörureikningi, sem tilheyrir aðflutningsskýrslu skal rita "YFIRLÝS" í svæðið á eftir kódanum þannig:
EURYFIRLÝS

20.4 Ef beðið er um Z-toll í einhverri vörulínu í aðflutningsskýrslu verður lykillinn **GSP** að vera útfylltur í svæðið "leyfi og vottorð (teg. nr.)" sbr. reitur 14 á **Ebl. E-1.1**.

- Ef um GSP skírteini er að ræða skal númer þess ritað í svæðið á eftir kódanum, þ.e. 7 öftustu stafir númersins.
Dæmi: GSP1234567
- Ef GSP yfirlýsing/áritun er á vörureikningi, sem tilheyrir aðflutningsskýrslu skal rita "YFIRLÝS" í svæðið á eftir kódanum þannig:
GSPYFIRLÝS

21. **Ebl. E-1.1 reitur 17**, mynt.

Kódaskrá, villuprófun. Sjá **SMT-tollstaðalinn, LTI** og tollafgreiðslugengi á vef tollstjóra.

22. **Ebl. E-1.1 reitur 19**, afhendingarskilmálar.

Kódaskrá, villuprófun. Sjá **SMT-tollstaðalinn** og **LTI**.
Villuprófun sé á því að svæðið fyrir aftan kóða afhendingarskilmála sé útfyllt.

23. **Annað**.

Upphæðir í íslenskum krónum skulu alltaf vera uppgefnar í heilum krónum.

24. **Útskrift aðflutningsskýrslu á pappír og SMT-aðflutningsskýrsla - línur tollskrárnúmera.**

- Meginreglan er sú að sameina skal vörur í vörureikningi eða vörureikningum, sem tilheyra einni aðflutningsskýrslu og eru í sama tollskrárnúmeri, í eina línu á aðflutningsskýrslu hvort sem um er að ræða aðflutningsskýrslu á pappír, á diskling eða SMT-aðflutningsskýrslu. Þetta er bundið þeim skilyrðum að allar upplýsingar, sem tengdar eru tollskrárnúmerinu séu samhljóða, þ.e. að vörulýsing, tegund tolls og upprunaland sé það sama fyrir vörurnar og e.a. að aðrar upplýsingar sem krafist er í aðflutningsskýrslunni leiði ekki af sér að sundurliða þarf vörur í skýrslunni þó að þær falli undir sama tollskrárnúmer. Aldrei má sameina vörur í sama tollskrárnúmeri í eina línu í tollskýrslu ef upprunaland er ekki það sama fyrir vörurnar.

- Í ýmsum tilvikum getur reynst nauðsynlegt að sundurliða vörur í sama tollskrárnúmeri og sem bera sömu tegund tolls og upprunaland. T.d. ef álagning gjalda á vöruna krefst slíkrar sundurliðunar vegna upplýsinga um einingartölu, nettóvignt, lítratölu og styrkleikaprósentu áfengis, sem þá mynda gjaldstofn gjalda á vöruna í tollskrárnúmerinu. Einnig getur verið þörf á sundurliðun vegna þess að hluti af vörunni í tollskrárnúmeri skal undanþegin gjöldum, en þá þarf að tilgreina í sér línu í aðflutningsskýrslu þann hluta vörunnar, sem óskað er eftir undanþágu gjalda á. Þau tilvik geta einnig verið fyrir hendi að innflytjandi óski eftir að fá að sundurliða vörur í aðflutningsskýrslu, sem eru í sama tollskrárnúmeri, vegna eigin þarfa.
 - **Í tollskýrslugerðarforritum innflytjenda skal samkvæmt framansögðu vera unnt að velja um tvær leiðir við útskrift aðflutningsskýrslu eða gerð SMT-aðflutningsskýrslu:**
 - A. Að sameina í eina línu vörur, sem eru í sama tollskrárnúmeri og fullnægja öllum skilyrðum til þess að sameina megi vöruna í eina línu.
 - B. Að sundurliða megi vörur í sama tollskrárnúmeri í línunum tollskrárnúmera í aðflutningsskýrslu ef álagning gjalda eða undanþága gjalda krefst þess eða ef innflytjandi óskar þess. Ef slík sundurliðun er eingöngu vegna óska innflytjandans skal hann áður en hann leggur fram slíka aðflutningsskýrslu á pappír eða sem SMT-aðflutningsskýrslu fá leyfi viðkomandi tollstjóra til slíkrar sundurliðunar við tollafgreiðslu. Hafa verður í huga að mjög mikil sundurliðun á vöru, sem er t.d. innan við 0,5 kg veldur vandræðum og ónákvæmni við útfyllingu t.d. nettóvigntar á vörulínunum.
25. **Samræmi á framsetningu upplýsinga í SMT-aðflutningsskýrslu (CUSDEC-skeyti), aðflutningsskýrslu á pappír og aðflutningsskýrslu, sem vistuð og birt er í hugbúnaði og tölvukerfi innflytjanda.**
- SMT-aðflutningsskýrsla, sem send er með CUSDEC skeyti til tollstjóra, skal innihalda upplýsingar eins fram settar og í samræmi við samsvarandi svæði í pappírsaðflutningsskýrslu, sem skrifuð er út úr hugbúnaði innflytjanda. Með þessu er m.a. átt við að ef vörur í sama tollskrárnúmeri eru dregnar saman í eina línu í SMT-aðflutningsskýrslu skal slíkt einnig gert þegar sú skýrsla er prentuð út á pappír. Sama gildir þá einnig þegar vörur í sama tollskrárnúmeri eru **ekki** dregnar saman í eina línu í SMT-aðflutningsskýrslu þá skal það ekki heldur gert í pappírútgáfu skýrslunnar. Aðflutningsskýrslur, hvort sem um SMT-skýrslu eða pappírsskýrslu er að ræða, skulu vistaðar í tölvukerfi innflytjanda eins og þær voru sendar til tollstjóra í SMT eða á pappír.

Vörunúmeraskrár

Hver vara / vöruhegund í aðflutningsskýrslu skal eiga sér vörunúmer í viðskiptahugbúnaði innflytjanda. Á vörunúmerið skulu a.m.k. skráðar þær upplýsingar um vöruna sem nauðsynlegar eru til þess að varan fái rétta tollmeðferð við tollafgreiðslu í aðflutningsskýrslu vegna álagningar aðflutningsgjalda o.fl. Auk upplýsinga um heiti (vörulýsingu) og einingarverð vörunnar, tollskrárnúmer og upprunaland skal skrá m.a. þær upplýsingar er geta verið gjaldstofnar aðflutningsgjalda. Auk tollverðs geta ýmsar magntölur verið gjaldstofnar; stykkjatala, nettóviggt vörunnar, þyngd umbúða, styrkleikaprósenta áfengis og lítratatala. Ef sama varan getur átt sér ólík upprunalönd skal skrá vöruna í vörunúmeraskrá sérstaklega fyrir hvert upprunaland; varan fær þá mörg vörunúmer.

Ábending - Tollskrárlyklar

Hægt er að sækja gildandi **tollskrárlykla** á vefsetur tollstjóra sem textaskrá til frjálsra nota í tollskýrslugerðarforritum vegna útfyllingar aðflutningsskýrslu og álagningar aðflutningsgjalda. Þar er einnig að finna færsluteikningu og yfirlit yfir aðflutningsgjöld. Þessi gögn má einnig fá hjá deild tölvukerfa tollafgreiðslu og upplýsingavinnslu hjá tollstjóranum í Reykjavík, sími 560 0502. Eftirtalin atriði eru tengd við hvert tollskrárnúmer:

- Kóðar og tolltaxtar tegundar tolls. Hvaða tegundir tolla eru leyfilegar á tollskrárnúmerinu.
- Aðflutningsgjöld önnur en tollar. Taxtar gjalda og kóðar. Þar með hvort 14% eða 24,5% VSK er á tollskrárnúmerinu.
- Leyfi, vottorð, innflutningsbann: Kóðar.
- Ábendi. Tollkrít. Ábendið TKRIT tiltekur hvort álögð gjöld á tollskrárnúmeri eru skuldfærð á 1 mánaðar eða 2 mánaða uppgjörstímabil. Sbr. reglugerð nr. 640/1989 um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli m.s.br. og reglugerð nr. 858/2000 um SMT-tollafgreiðslu. Hafa verður í huga að ýmsar sérreglur gilda um tollkrít varðandi einstök gjöld.
- Fastnúmer. Tiltekur hvort skylt er að gefa upp fastnúmer í aðflutningsskýrslu vegna skráningarskylds ökutækis í tollskrárnúmeri í skýrslunni.
- Einingartala (stykkjatala, pör, m3), þ.e. hvort skylt er að gefa upp einingartölu vöru, sem fellur undir tollskrárnúmerið.
- Gatt-tollabindingar á tollskrárnúmeri.
- Álagsgrunnur magntollabindinga og magntolla; nettóviggt eða einingartala.
- Hvort skylt er að gefa upp lítratölu vöru í tollskrárnúmeri vegna gjalds á tollskrárnúmeri sem hefur lítra að gjaldstofni.
- Hvort gjald eða tollur á tollskrárnúmeri hefur nettóviggt sem gjaldstofn.
- Hvort krafist er þyngdar umbúða.

SMT-tollafgreiðsla

Í reglugerð nr. 858/2000 um SMT-tollafgreiðslu, sem fjallar um pappírslausa tollafgreiðslu, er að finna ýmis ákvæði um vörslu gagna (tollskýrslna) á tölvutæku formi, gagnadagbók (log) SMT-skeyta, útprentun CUSTAR skeyta o. fl., sem tengist hugbúnaði innflytjenda. Þau

Ákvæði verður tollskýrslugerðarhugbúnaður innflytjanda að uppfylla áður en honum er veitt heimild til SMT-tollafgreiðslu.

SMT-tollstaðalinn og fylgigögn má fá hjá tollstjóra, deild tölvukerfa tollafgreiðslu og upplýsingavinnslu hjá tollstjóranum í Reykjavík, sími 560 0502, tölvupóstur: ttu@tollur.is, sem veitir nánari upplýsingar.